

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 15. janúar 2007

KSG/KG/001/07

Efni: Umsögn Tryggingastofnunar ríkisins um frumvarp til laga um heilbrigðisþjónustu

Heilbrigðis- og trygginganefnd Alþingis hefur sent Tryggingastofnun ríkisins til umsagnar frumvarp til laga um heilbrigðisþjónustu, 272. mál, heildarlög, og þakkar stofnunin það.

Almenn afstaða:

Tryggingastofnun ríkisins lýsir yfir ánægju sinni með frumvarpsdrögin og telur þau geta auðveldað stjórnvöldum frekari stefnumörkun og skipulagningu heilbrigðismála hér á landi.

Alvarleg athugasemd:

38. gr. 3. tl: Hér er skv. athugasemdum með frumvarpinu verið að breyta 3. mgr. 33. gr. laga um almannatryggingar (ATL), annars vegar til þess að hún samræmist breytingu sem gerð var á 1. mgr. ákvæðisins á síðasta löggjafarþingi, og hins vegar til þess að unnt verði að fella styrki sem veittir eru samkvæmt öðrum lögum, t.d. lögum um Heyrnar- og talmeinastöð, undir ákvæðið.

Tryggingastofnun ríkisins gerir alvarlega athugasemd við umrætt breytingarákvæði og telur breytinguna gerða á afar óheppilegan hátt, sbr. eftirfarandi:

1. Frumvarpsákvæðið gengur í berhögg við afdráttarlausa 2. gr. ATL, sbr. 1. gr. sömu laga, þar sem segir að Tryggingastofnun ríkisins annist framkvæmd almannatrygginga, þ.á.m. sjúkratrygginga, (þó að undanskilinni 34. gr. laganna sem fjallar um sjúkrahúsvist og þjónustu heilsugæslustöðva).

2. Ekki verður séð að frumvarpsákvæðið tengist á neinn hátt þeirri breytingu er gerð var á ákvæðinu á síðasta löggjafarþingi. Breytingin sem gerð var þá virðist hafa verið fullnaðarbreyting á ákvæðinu til samræmis við breytingu á 3. mgr. 32. gr. ATL sem fór fram til að skerpa á því hvað teldist til sjúkratryggingar skv. almannatryggingalögum.

3. Þá felur frumvarpsákvæðið í sér að jafnan skuli áskilja vottorð sérfræðings um nauðsyn hjálpartækis, þjálfunar, næringarefnis eða sérfæðis áður en greiðsluheimild er veitt, öfugt við það sem nú gildir þar sem TR hefur einungis heimild til að krefjast

TRYGGINGASTOFNUN RÍKISINS



slíks og beitir henni einvörðungu í undantekningartilvikum. Væri því um verulega aukna skriffinnsku, aukinn kostnað og óhagræði fyrir sjúklinga að ræða ef jafnan ætti að krefjast vottorðs sérfræðings eins og frumvarpið felur í sér. Sem dæmi má nefna að skv. frumvarpsákvæðinu ætti hér eftir jafnan að krefjast vottorðs sérfræðings vegna almennrar sjúkrabjálfunar.

Til þess að vera í samræmi við 2. gr. ATL, sbr. 1. gr. s.l. en ná sama megintilgangi og frumvarpsákvæðið felur í sér leggur TR eindregið til að ákvæðinu verði breytt með lítilli viðbót (skáletruð) við nágildandi ákvæði og það látið hljóða þannig:

Ráðherra setur reglugerð um greiðslur samkvæmt ákvæði þessu. Afla skal greiðsluheimildar frá Tryggingastofnun ríkisins fyrir fram. Tryggingastofnun getur áskilið vottorð sérfræðings um nauðsyn hjálpartækis, þjálfunar, næringarefnis eða sérfæðis. *Tryggingastofnun ríkisins getur samið við aðrar stofnanir eða fyrirtæki um að annast ákveðinn hluta greiðslna skv. þessu ákvæði.*


Á þennan hátt gæti TR samið við Heyrnar- og talmeinastöð eða aðra um að annast greiðslur þeirra styrkja sem stjórnvöld yrðu ásátt um.

Önnur athugasemd:

33. gr.:

Í 3. tl 1. mgr. kemur fram að gjald fyrir vitjun heilsugæslulæknis skuli vera hærra fyrir vitjanir utan dagvinnutíma. Með gagnályktun virðist þá ekki lengur vera heimild til að krefja sjúklinga sem koma á heilsugæslustöðvar utan dagvinnutíma um hærra gjald öfugt við það sem nú er gert, sbr. 5. gr. rg. nr. 1090/2006.

Virðingarfyllst,



Karl Steinar Guðnason forstjóri

TRYGGINGASTOFNUN RÍKISINS

